

Fundargerð Minjaráðs Austurlands 5. júní 2019

Fundur haldinn í Geysishúsinu á Djúpavogi þar sem minjavörður Austurlands hefur skrifstofuaðstöðu. Þuríður setti fund kl. 11:11.

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Kristjana Louise Friðbjarnardóttir, Andrés Skúlason og Rannveig Þórhallsdóttir. Forföll boðuðu Skúli Björn Gunnarsson og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

Dagskráin:

1. Kynning á starfi minjavarðar
2. Verkefni í gangi innan minjasvæðisins
3. Smáforrit varðandi skráningu minja
4. Samstarf Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar
5. Stefnumörkun
6. Önnur mál

Gengið var til boðaðrar dagskrár:

1. Kynning á starfi minjavarðar. Þuríður kynnti fjölbreytt starf minjavarðar Austurlands.
2. Verkefni í gangi innan minjasvæðisins. Þuríður kynnti verkefni sem eru í gangi innan minjasvæðisins. Helst má telja skilti sem sett voru upp á vegum MÍ á Austurlandi með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í Papafirði (Hornafirði) og að Hvannalindum. Einnig eru unnin tvö verkefni með styrk úr sjóði uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum; þ.e. friðlýstu staðirnir fjárborg í Mjóafirði og Djáknadys í Djúpavogshreppi. Einnig erlenda samstarfsverkefnið CINE.
3. Smáforrit varðandi skráningu minja – minja appið, Muninn. Minjastofnun hefur í samstarfi við St. Andrews háskólann í Skotlandi, verið að vinna að gerð smáforrits, Muninn, sem gefur almenningi færi á að kortleggja minjar á vettvangi. Verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum minjaráðs.
4. Samstarf Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar. Í vinnslu er samstarfsverkefni þar sem verið er að auka samstarf á milli minjavarðar og landvarða. Landverðir fylgjast t.d. með ástandi á ákveðnum minjastöðum og koma þeim upplýsingum áleiðis til viðkomandi minjavarðar. Verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum minjaráðs. Rætt var í kjölfarið um mikilvægi þess að merkja vegi og minjar rétt til að koma í veg fyrir lögbrot og skemmdir.
5. Stefnumörkun. Vinna við stefnumótun um verndun og varðveislu menningarminja á Íslandi hefur verið sett af stað. Stýrihópur hefur verið myndaður sem samanstendur af fulltrúum frá Listasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Náttúruminjasafni Íslands, Þjóðskjalasafni Íslands, Landsbókasafni – Háskólabókasafni, Kvikmyndasafni Íslands og Stofnun Árna Magnússonar. Minjastofnun heldur utan um verkefnið en ráðgjafar frá Capacent vinna með hópnum. Gera má ráð fyrir því að fulltrúar úr minjaráðum verði á einhverjum stigum máls kallaðir inn til samráðs /ráðgjafar í þeirri vinnu sem framundan er.
6. Önnur mál.
 - a) Andrés minnir á mikilvægi þess að hvetja Svæðisskipulagsnefnd Austurlands að fylgja eftir áformum í skipulagslýsingu um heildstæða skráningu á Austurlandi. Minjaráð hvetur sveitarfélögin að vinna að brautargengi þessa mjög svo mikilvæga verkefnis fyrir landshlutann.
 - b) Minjavörður leggur til að haldinn verði fundur 1. miðvikudag ársfjórðungslega og verða því næstu fundir miðvikudagana 4. september og 4. desember 2019.

Fundi slitið kl. 12:18. Minjavörður býður í súpu og kaffi í Löngubúð.

Rannveig Þórhallsdóttir ritaði fundargerð.